

Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 12. nóvember 2018

Mætt: Sigríður Þrúður, Signý, Helga, Bergrún, Anna Rós, Björg.

Dagskrá:

- 1. Erindi til stjórnar frá skólastjóra:** Skólastjóri óskar eftir aðstoð foreldrafélagsins við að kaupa víniskera og/eða þrívíddarprentara. Óskað er eftir upplýsingum frá skólastjóra um hvernig þessi tæki munu nýtast í kennslu og hvort skólinn muni ábyrgjast að greiða fyrir viðhald og efniskostnað. Foreldrafélagið gæti hugsanlega styrkt um ákv. upphæð.
- 2. Fjárhagsstaðan:** innheimta gengur bærilega.
- 3. Samkóp:** Fulltrúi stjórnar fór á Samkóps-fund. Meðal þess sem rætt var um á honum:
 - Fulltrúaráðsfundur verður haldinn 21. nóvember í Lindaskóla – f. allar stjórnir og skólaráð – rætt um íslenska módelið, forvarnir o.fl.
 - Sameiginleigur fræðslufundur um kvíða.
 - Samræmd próf – skiptar skoðanir.
 - Öryggismál í skólum og á skólalóðum.
- 4. Öryggismál í skólanum: um Kársnesskóla.** Stjórnin er með erindi fyrir skólaráðsfund - að það sé gerð allsherjarúttekt á öryggismálum í skólanum.
- 5. Foreldrarölt:** Röltið komið á og gengur ágætlega.
- 6. Jólaföndur:** nefndin er virk og stefnir í gott föndur.
- 7. Annað:** Haldin voru 4 hrekkjavökuböll á yngsta stigi og gekk vel. Spurning um að bekkjarfulltrúar haldi utan um upplýsingar þeim tengdar, og hugsanlega verði meira samstarf næst. Hugsanlega hægt að efna til fjáröflunar fyrir þá hópa sem eru að safna fyrir ferðum, t.d. m. andlitsmálningu. Foreldrafélagið keypti þó nokkuð skraut sem til er í skólanum.
- 8.** Búa til **Facebook-grúppu** bekkjarfulltrúa. Enn á eftir að fullklára Excel-skjalið – vantar fulltrúa í einn sjöunda og einn fyrsta bekk.
- 9.** Almenn ánægja með Eyjólf Örn og fyrirlestur hans um netnotkun og skólastjóra var tjáð að gott hefði verið að fá hann líka til þess að tala við nemendur.
- 10.** Næsti fundur ákveðinn: 7. janúar 2019

Fundi slitið.